

Síðasta kvöldmáltíðin

29. Tími



Tilgangur:

Í síðustu kvöldmáltíðinni breytti Jesús brauði og víni í líkama sinn og blóð.

Veistu hvað síðasta kvöldmáltíðin var?

Það var síðasta skiptið sem Jesús borðaði með postulum sínum.

Hvernig var síðasta kvöldmáltíðin?


Jesús og postularnir voru Gyðingar. Og Gyðingar snæddu mjög sérstakan kvöldverð á páskum. Í þeim kvöldverði var borðað lambakjöt, brauð og kryddjurtir.

Þeir drukku líka vín.

Þannig að Jesús var að halda upp á hátíð Gyðinga.

Hvenær borðaði Jesús síðustu kvöldmáltíðina?

Jesús borðaði síðustu kvöldmáltíðina með postulum sínum á skírdegi (fimmtudag fyrir föstudaginn langa).



Veistu hvað Jesús gerði þegar hann var búinn að borða lambið?

Hann gerði eitthvað sem kom postulunum á óvart, því árin áður sem þeir höfðu haldið páska, hafði Jesús ekki gert það sem hann gerði í þetta skiptið.

Í lokin tók Jesús brauð í hendur sér, blessaði það, braut það, úthlutaði því til lærisveinanna og sagði: TAKIÐ OG ETIÐ AF ÞESSU ALLIR, ÞVÍ AÐ ÞETTA ER LÍKAMI MINN.

Og postularnir tóku og átu brauðbitann sem Jesús hafði gefið þeim.

En hvað öðluðust þeir með því að borða þetta brauð?

Það sem þeir fengu leit út eins og brauð, en það var Jesús sjálfur.

Hvað fengu postularnir með því?

Postularnir tóku á þennan hátt við líkama Krists og öllu sem Jesús er.

Postularnir voru að halda sína fyrstu altarisgöngu.

Og veistu hvað Jesús gerði næst?

Hann gerði nokkuð svipað við vínið sem var í mjög fallegum kaleik.

Hann tók bikarinn fullan af víni og sagði við þá: TAKIÐ OG DREKKIÐ AF HONUM ALLIR, ÞVÍ AÐ ÞETTA ER KALEIKUR BLÓÐS MÍNS, HINS NÝJA OG EILÍFA SÁTTMÁLA, SEM FYRIR YÐUR OG FYRIR MARGA VERÐUR ÚTHELLT TIL FYRIRGEFNINGAR SYNDANNA.

Þegar postularnir drukku vínið, var það vín?

Postularnir drukku eitthvað sem bragðaðist eins og vín, en það var ekki lengur vín, heldur blóð Jesú Krists.

VERKEFNIÐ:

Svarið spurningum:

1. Getur Guð gert hvað sem hann vill?
2. Er Jesús Guð?
3. Hvað var síðasta kvöldmáltíðin?
4. Var Jesús að breyta brauði í sinn eigin líkama?
5. Í hvað breytti Jesús víninu?

LITID MYNDINA:



Klippið út bollana og diskana og límdu þá þar sem þeir eiga að vera:

